

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu söluskatts af óseldu byggingarefni.

#### 1. gr.

Endurgreiða skal virðisaukaskattskyldum aðilum, sem hafa húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð með höndum í atvinnuskyni, söluskatt sem hvílir á birgðum þeirra af óseldu byggingarefni 31. desember 1989 eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari tekur til þess byggingarefnis sem keypt var með söluskatti til nota í starfsemi byggingaraðila skv. 1. gr. og sannanlega var í birgðum hans 31. desember 1989 samkvæmt vörutalningu í ársuppgjöri hans. Skilyrði er að efnið hafi ekki sætt neins konar úrvinnslu af hálfu viðkomandi byggingaraðila eða annarra aðila eftir innkaupin.

Til grundvallar endurgreiðslu skal liggja vörutalning, undirrituð og staðfest af talningar-mönnum.

Söluskattur sem til endurgreiðslu kemur er 20% af innkaupsverði byggingarefnanna með söluskatti. Við endursölu á þessu efni eða úttekt til eigin byggingarframkvæmda skal greiða virðisaukaskatt samkvæmt lögum nr. 50/1988 af þeirri fjárhæð sem eftir stendur.

#### 3. gr.

Aðilar sem um ræðir í 1. gr. skulu eigi síðar en 17. apríl 1990 senda viðkomandi skattstjóra greinargerð um birgðir sínar af byggingarefni sem óskað er að endurgreiðsla taki til. Greinargerð þessi skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurgreiðslubeiðnum sem berast eftir lok skilafrests skv. 1. mgr. verður ekki sinnt.

#### 4. gr.

Skattstjóri skal athuga endurgreiðslubeiðni og leiðrétta hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Fallist skattstjóri á endurgreiðslubeiðni tilkynnir hann um það til innheimtumanns ríkissjóðs sem annast endurgreiðslu.

Endurgreiðsla skal fara fram innan fimmtán daga frá því endurgreiðslubeiðni barst skattstjóra. Frestur þessi framlengist þó ef skattstjóri getur, vegna atvika sem rekja má til umsækjanda, ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Um álag og dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu fer samkvæmt 27. og 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisauka-skatt.

#### 5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á söluskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 26. febrúar 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*